

Reykjavík, 2. febrúar 2022

Fjarðabyggð  
b.t. Jóns Björns Hákonarsonar, bæjarstjóra  
Hafnargötu 2, Reyðarfirði  
730 Fjarðabyggð

**Efni: Þjóðlendumál á Austfjörðum, svæði 11.**

**Kynning á kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur.**

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins, sbr. 10. gr. laga nr. 58/1998, afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendur á Austfjörðum sem eru við málsmeðferð nefndarinnar auðkenndir sem svæði 11. Upplýsingar um afmörkun kröfusvæðanna er að finna í meðfylgjandi gögnum sem eru einnig birt á vefsíðu óbyggðanefndar.

Óbyggðanefnd, sem er sjálfstæð úrskurðarnefnd á stjórnarsýslustigi, kynmir nú þessar kröfur sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur lýst fyrir hönd ríkisins. Tilgangur kynningarinnar er sá að ná til þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta, sbr. ákvæði laga nr. 58/1998. Tilkynning um þjóðlendukröfur íslenska ríkisins birtist í Lögbirtingablaðinu 1. febrúar 2022 í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laganna. Þar er skorað á þá sem telja til eignarréttinda á landsvæðum sem ríkið gerir kröfur til að lýsa kröfum skriflega fyrir óbyggðanefnd, í síðasta lagi 6. maí 2022. Að lokinni gagnaoöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu kröfusvæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur en upplýsingar um málsmeðferð er að finna hér á eftir.

Meðfylgjandi er kynningarhefti með kröfulýsingu íslenska ríkisins og kortum sem sýna afmörkun kröfusvæðanna. Þess er vinsamlegast farið á leit að sveitarfélagið geri gögnin aðgengileg þar til kröfulýsingarfresti lýkur. Óbyggðanefnd hyggst birta auglýsingar um að kynningargögn hafi verið send viðkomandi sveitarfélögum, þ.e. Múlaþingi og Fjarðabyggð, með beiðni um að þau verði aðgengileg og öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi, auk þess sem þau séu tiltæk á skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar.

Þess skal getið að sveitarfélög hafa oft aðstoðað íbúa og aðra aðila innan viðkomandi sveitarfélags við að samræma hagsmunagæslu í þjóðlendumálum og koma henni í formlegan farveg, m.a. hvað varðar ráðningu lögmanna. Í því sambandi skal vakin athygli á ákvæði 17. gr. laga nr. 58/1998 þar sem m.a. kemur fram að við mat á því hvort um nauðsynlegan málskostnað hafi verið að ræða sé óbyggðanefnd heimilt að líta til þess hvort aðilar sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta hafi sam-einast um að nýta sér aðstoð sömu lögmanna og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á.

Meginhlutverk óbyggðanefndar skv. 7. gr. laga nr. 58/1998 er að: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.


Málsmeðferðin framundan verður í meginatriðum þannig að þegar kröfulýsingarfresti annarra en ríkisins lýkur verða heildarkröfur kynntar formlega og sú kynning stendur í einn mánuð. Málið verður síðan rannsakað hjá óbyggðanefnd. Nefndinni ber að hafa frumkvæði að öflun heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem til meðferðar eru og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Til að tryggja að þau gögn sem mögulega geta haft þýðingu komi fram hefur óbyggðanefnd samið við Þjóðskjalasafn Íslands um kerfisbundna leit að gögnum um ágreiningssvæðin en afrakstur

Þeirrar gagnaleitar er jafnan umfangsmikill. Að auki aflar óbyggðanefnd gagna víðar eftir því sem tilefni gefast til. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunnir að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Mikilvægir liðir í málsmeðferð hjá óbyggðanefnd, auk gagnaöflunar, eru vettvangsferð og svo nefnd aðalmeðferð. Það felur í sér að farið er á vettvang á ágreiningssvæðum undir leiðsögn heimamanna, aðilar og vitni gefa skýrslur og að því búnu eru málin flutt munnlega. Eftir að fram komin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar eru úrskurðir kveðnir upp.

Frekari upplýsingar um málsmeðferð óbyggðanefndar fást á skrifstofu nefndarinnar og á vefsíðu hennar: [obyggdanefnd.is](http://obyggdanefnd.is).

Virðingarfyllst f.h. óbyggðanefndar



Erna Erlingsdóttir  
starfsmaður nefndarinnar

**Meðfylgjandi:** Kynningarhefti um kröfur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 11.

**Afrit sent** lögmanni íslenska ríkisins: Eddu Andradóttur á lögmannsstofunni Juris.